

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. júní 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-24/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. apríl sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna skemmda sem urðu á innréttingu í bifreið hans, meðan hún beið viðgerða fyrir utan starfstöð Y. Krefst álitsbeiðandi þess að Y greiði kostnað vegna hreinsunar á innréttungum bifreiðarinnar, kr. 87.414.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 12. apríl sl. gaf kærunefndin gagnaðila kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 26. apríl. Með bréfi, dags. 17. apríl, óskaði gagnaðili eftir fresti til að skila andsvörum til 10. maí og féllst kærunefndin á það. Andsvör bárust nefndinni þann 10. maí. Með bréf, dags. 11. maí var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær þann 25. maí. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að bifreið álitsbeiðanda hafi lent í árekstri í janúar 2012 og farið samdægurs til gagnaðila til viðgerða á vegum tryggingarfélags álitsbeiðanda. Hafi bifreiðin verið í vörslum gagnaðila í þrjár vikur á meðan beðið var eftir varahlutum í hana. Þann 17. febrúar sl., að viðgerð lokinni, hafi álitsbeiðandi ætlað að sækja bifreiðina, en hún hafi þá verið öll mygluð að innan. Neitaði álitsbeiðandi að taka við bílnum í því ástandi og krafist þess að gagnaðili bætti úr ástandi bifreiðarinnar á eigin kostnað.

Þann 21. febrúar tók álitsbeiðandi við bifreiðinni og fór með hana í tjónaskoðun hjá tryggingarfyrirtæki gagnaðila, sem skoðaði bílinn og vísaði álitsbeiðanda því næst áfram á félag sem hreinsaði bílinn þann 28. febrúar. Tryggingarfélag gagnaðila hafi síðan neitað að greiða fyrir hreinsunina.

Álitsbeiðandi telur, með vísan til 25. og 26. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup að gagnaðila beri að greiða fyrir hreinsun á bifreiðinni, enda hafi hún skemmst eftir að hún var afhent gagnaðila.

IV

Andsvör gagnaðila

Gagnaðili telur að sér sé ekki skylt að bæta álitsbeiðanda það tjón sem á bifreiðinni varð á meðan hún var í hans vörslum, þar sem tjónið megi rekja til vanhírðu álitsbeiðanda, en ekki þess að bifreiðin hafi verið geymd utandyra, við starfstöð gagnaðila, á meðan beðið var eftir varahlutum.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, og ákvæðum reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa nær valdsvið hennar til að veita álit vegna ágreinings um réttindi og skyldur samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup, lögum nr. 42/2000 um þjónustukaup og lögum nr. 48/2003 um neytendakaup.

Deila aðila snýst um tjón sem varð á bifreið áljitsbeiðanda á meðan hún beið viðgerða utan við verkstæði gagnaðila. Af gögnum málsins má ráða að um var að ræða viðgerð á grundvelli váttryggingar hjá tryggingarfélagi vegna tjóns sem umrædd bifreið varð fyrir í umferðaróhappi. Samkvæmt eðli ágreiningsins ætti úrlausn hans að fara eftir lögum um þjónustukaup. Þau lög eru hins vegar takmörkuð við þau tilvik þar sem þjónusta er veitt neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi. Neytandi samkvæmt 3. mgr. 1. gr. þeirra laga er einstaklingur sem er kaupandi þjónustu sem ekki er keypt í atvinnuskyni eða í tengslum við starf viðkomandi einstaklings. Þar sem kaupandi þjónustunnar er í raun tryggingarfélag áljitsbeiðanda, en ekki áljitsbeiðandi sjálfur, verður ekki talið að við úrlausn ágreiningsins sé hægt að byggja á lögum um þjónustukaup.

Af þessu leiðir að það fellur utan valdsviðs nefndarinnar að gefa álit um þann ágreining sem hér er uppi. Er því óhjákvæmilegt, með vísan til ofangreinds og samanber 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 að vísa máli þessu frá kærunefndinni.

Rétt er þó að benda áljitsbeiðanda á úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sem vistuð er af Fjármálaeftirlitinu, en engin afstaða er þó tekin til þess hvort ágreiningur þessi kann að falla undir valdsvið þeirrar nefndar.

VI

Áljitsorð

Áljitsbeiðni X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir